

**VIÐAUKI VIÐ THE BLACKBERRY SOLUTION LEYFISSAMNINGINN FYRIR  
BLACKBERRY VIÐSKIPTALEGA SKÝJAÞJÓNUSTU FYRIR MICROSOFT® OFFICE 365  
 (“VIÐAUKINN”)**

**MIKILVÆGAR TILKYNNINGAR:**

Til þess að fá aðgang að og/eða nota þessa skýjaþjónustu (eins og hún er skilgreind hér að neðan) verður þú að: (1) hafa gilda áskrift að Microsoft® Office 365 samkvæmt áskriftarsamningi við Microsoft Corporation eða eitt af tengdum fyrirtækjum þess; (2) hafa samþykkt BBSLA samninginn (eins og hann er skilgreindur hér að neðan); og (3) samþykkja þennan viðauka. Ef þú uppfyllir ekki ofangreind skilyrði, getur þú ekki fengið aðgang að/eða notað skýjaþjónustuna. Vinsamlegast lestu þennan viðauka vandlega áður en þú smellir á “ÉG SAMÞYKKI” hér að neðan.

**1. SAMNINGUR.**

**A. Samningsskilmálar.** Núverandi útgáfa af BlackBerry Solution leyfissamningnum (“**BBSLA**”) fyrir lögsagnarumdæmi þitt er sá samningur sem RIM notar til að gera RIM þjónustu og hugbúnað fyrir BlackBerry lausnina tiltæka og eins og honum hefur verið breytt af viðauka þessum, á samningurinn við um notkun þína á skýjaþjónustunni (eins og hún er skilgreind hér að neðan). Sameiginlega, mynda BBSLA og þessi viðauki lagalegan samning (“**Samninginn**”) á milli þín sem einstaklings, eða ef þú gerist áskrifandi að þessari skýjaþjónustu fyrir hönd fyrirtækis þíns eða fyrir hönd annars lögaðila, hafa fyrirtækið eða annar lögaðili sem þú hefur umboð fyrir (í báðum tilvikum “**Þú**”), og Research In Motion Limited eða dótturfyrirtækis eða tengt fyrirtækis þess sem hefur gert BBSLA samning við þig (“**RIM**”). Vísað verður til þín og RIM hér eftir sem “**samningsaðili**” og sameiginlega sem “**samningsaðila**”. Ef upp kemur misræmi á milli BBSLA og þessa viðauka, skal viðaukinn gilda en einungis um það atriði sem misræmið varðar.

**B. Áhrif af því að smella á “Ég samþykki”.** Með því að smella á “Ég samþykki” hér að neðan, viðurkennir þú að hafa lesið, skilið og samþykkt að vera bundinn af og fylgja þessum samningi. **EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI ÞENNAN SAMNING, HEFUR ÞÚ EKKI LEYFI TIL AÐ FÁ AÐGANG AÐ/EÐA NOTA SKÝJAÞJÓNUSTUNA. EF ÞÚ ERT MEÐ SPURNINGAR EÐA FYRIRSPURNIR VEGNA SAMNINGS ÞESSA, VINSAMLEGAST HAFÐU SAMBAND VIÐ RIM Á SLÓÐINNI: legalinfo@rim.com.**

**2. SKILGREININGAR**

Öll hugtök sem eru með stórum staf í Viðauka þessum hafa þá merkingu sem er skilgreind í BBSLA nema annað sé gefið til kynna í þessum viðauka. Eins og þau eru notuð í samningnum, hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem er skilgreind hér að neðan:

“**Skýjaþjónusta**” merkir þjónusta sem er hýst af RIM sem gerir mögulega sjálfstæða stjórnun lófatölvu þinnar einungis til að fá aðgang að og nota Microsoft® Office 365 og sem kallast núna BlackBerry Business Cloud Services fyrir Microsoft® Office 365. Eins og hugtakið er notað í BBSLA, innifelur hugtakið “þjónusta” í sér skýjaþjónustuna.

“**Microsoft® Office 365**” er hin hýsta áskriftarþjónusta fyrir viðskiptavinum sem er stýrt af eða fyrir hönd Microsoft Corporation eða tengdra fyrirtækja þess (“**Microsoft**”), eða þjónustuaðila þeirra, sem er markaðssett undir heitinu “Microsoft® Office 365” ásamt öllum nýjum heitum sem þjónustan kann á fá í framtíðinni. Til að taka af allan vafa skal tekið fram að, Microsoft® Office 365 hýst þjónusta telst vera þjónusta þriðja aðila (eins og hún er skilgreind í BBSLA).

“Áskrift” merkir það fyrirkomulag þar sem þú og ákveðinn fjöldi notenda þinna sem hafa umboð hafa leyfi frá RIM til að nota skýjaþjónustuna.

### 3. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ BBSLA

**A. Leyfisveiting.** Einungis með þennan samning í huga, er Hluta 2(a) í BBSLA samningnum undir “Hugbúnaðar og skráningarleyfi” hér með eytt í heild sinni og í staðinn kemur eftirfarandi kafli:

Að uppfylltum þeim skilmálum og skilyrðum sem hér eru talin upp og eftir greiðslu áskriftargjalda, ef einhver eru, veitir RIM þér persónulegt, sem er ekki bundið við þig, óframseljanlegt, afturkallanlegt leyfi til að nota skýjaþjónustuna einungis til innri nota af þér og þeim fjölda notenda sem hafa umboð og leyfi samkvæmt áskrift þinni. Þessi skýjaþjónusta er veitt á áskriftargrundvelli og þess vegna eiga réttindi þau sem leyfinu fylgja einungis við um það tímabil sem þú hefur greitt umsamið áskriftargjald fyrir, ef einhver eru.

**B. Auðkenning.** Þú viðurkennir að til þess að fá aðgang að og fá að nota skýjaþjónustuna þarft þú og þeir notendur sem þú ert með leyfi fyrir að vera auðkenndur af Microsoft sem áskrifandi/áskrifendur að Microsoft® Office 365 sem eru gjaldgengir til að hafa aðgang að og nota skýjaþjónustuna, og að RIM ber ekki ábyrgð á öryggi eða nákvæmni þeirrar tækni sem Microsoft notar til auðkenningar, eða á einhverjum ónákvæmum upplýsingum sem fengnar eru frá Microsoft, eða á öryggi eða friðhelgi gagnavera Microsoft eða netkerfis þess.

**C. Aðgengi að þjónustunni.** Það er ekki víst að skýjaþjónustan sé aðgengileg til þín eða notanda þinna í öllum löndum eða á öllum stöðum.

**D. Takmarkanir á þjónustu.** Stjórnunarlegar takmarkanir á notkun skýjaþjónustunnar geta verið settar af RIM einhliða og án tilkynningar. RIM og tengd fyrirtæki þess: (i) tryggja ekki aðgengileika, nákvæmni, fullkomleika, áreiðanleika eða varanleika þeirra gagna sem gerð eru aðgengileg í gegnum skýjaþjónustuna; og (ii) ábyrgjast ekki og bera enga ábyrgð að neinu leyti á þjónustu þriðja aðila, þ.m.t. þjónustu Microsoft® Office 365. Þú viðurkennir að skýjaþjónustan er, að hluta, háð frammistöðu og virkni Microsoft® Office 365 og að allar truflanir, tíma þegar þjónusta liggur niðri, villur eða önnur mál er snerta frammistöðu er tengist Microsoft® Office 365 skal hafa áhrif á aðgengi þitt að, notkun á, og frammistöðu skýjaþjónustunnar. Þú viðurkennir og samþykkir að RIM getur breytt, frestað, bundið enda á eða aftengt aðgang þinn að skýjaþjónustunni hvenær sem er.

**E. Stöðluð þjónusta.** Þú viðurkennir og samþykkir að: (a) Skýjaþjónustan felur í sér staðlað tilboð sem er ekki hannað eða er ekki ætlað að vera sérsníðið fyrir sértæka starfsemi, og (b) þú, en ekki RIM, berð ábyrgð á því að farið sé eftir öllum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemi þína þar sem RIM gengur ekki úr skugga um að notkun skýjaþjónustunnar uppfylli þau lög og þær reglugerðir sem eiga við um hverja einustu starfsemi (einkum í starfsemi sem lýtur eftirliti). Þú segist opinberlega og ábyrgist hjá RIM að: (i) Þú hafir öll nauðsynleg leyfi til að nota skýjaþjónustuna, þar með talið samþykki til að veita allar persónuupplýsingar sem eru veittar til RIM af þér eða þeim notendum sem þú hefur leyfi fyrir við notkun þína á skýjaþjónustunni; (ii) Þú fallir ekki undir nein lög eða reglugerðir sem banni þér frá því að nota skýjaþjónustuna samkvæmt skilmálum þessa samnings, eða í því landi eða skv. þeirri landfræðilegu staðsetningu sem þú eða notendur sem þú hefur leyfi fyrir, eða sem fela í sér sérstakar skyldur um gagnavernd eftir tegund starfsemi (þ.m.t. án takmarkana, the Gramm-Leach-Bliley Act, the Health Insurance Portability and Accountability Act, eða the Health Information Technology for Economic and Clinical Health Act); (iii) RIM þarf ekki að sérsníða skýjaþjónustuna og aðlaga hana að þinni sértæku starfsemi; og (iv) RIM þarf ekki skv. neinum lögum eða reglugerðum sem eiga við um þig að gera neina frekari samninga við þig til að veita þér aðgang að skýjaþjónustunni. Þú samþykkir að

uppfylla, og vera ábyrgur gagnvart öllum lögum, reglugerðum, skráningum, reglum um skjalageymslu, leyfisveitingum og samþykktum og samþykki sem þarf innan þíns lands eða lögsagnarumdæmis, þ.m.t. án takmarkana gagnvart lögum og reglugerðum er gilda um innflutning gagna, útflutning eða er snerta persónuvernd og reglugerðum sem eiga við um þig og notkun þína á skýjaþjónustunni eða notkun notenda sem þú hefur leyfi fyrir, eða um framsal eða veitingu upplýsinga, gagna eða persónuupplýsinga til RIM. Þú samþykkir að ef einn af þeim notendum sem þú hefur leyfi fyrir, leggur fram beiðni til RIM sem tengist persónuupplýsingum sem RIM hefur fengið í gegnum þig, eða gegnum þá notendur sem þú hefur leyfi fyrir við notkun á skýjaþjónustunni, getur RIM vísað slíkum notanda með leyfi til þín og getur ráðlagt notendum að ráðfæra sig við þig um upplýsingar er snerta það hvernig þú meðhöndlar persónulegar upplýsingar. Ef þú hefur ekki leyfi samkvæmt viðeigandi lögum eða reglugerðum (þ.m.t. lögum eða reglugerðum sem eiga við um hina ákveðnu starfsemi þíns fyrirtækis) að nota skýjaþjónustuna samkvæmt skilmálum samnings þessa, hefur þú ekki leyfi til að nota skýjaþjónustuna. Þú samþykkir að váttryggja og firra RIM, RIM fyrirtækjahópinn, tengd fyrirtæki RIM, aðila, arftaka og tilgreinda aðila og sérhvern forstjóra þeirra og stjórnenda allri skaðabótaábyrgð, ábyrgð á tjóni, tapi, kostnaði eða útgjöldum (þ.m.t. án takmarkana, viðunandi kostnað lögfræðinga og þóknun) sem kann að hafa skapast af völdum RIM, fyrirtækjahóps RIM, tengdra fyrirtækja, aðila, arftaka og tilgreindra aðila eða sérhvers forstjóra þeirra og stjórnenda vegna rangrar framsetningar eða brota á þeirri ábyrgð sem er sett fram í þessum samningi .

**F. Notkun þjónustunnar** Einungis vegna þessa samnings, ereftirfarandi bætt við kafla 3 í BBSLA, “Notkun á BlackBerry lausn þinni”:

Þegar þú notar skýjaþjónustuna, verður þú að tryggja að notendur þínir sem hafa leyfi muni ekki:

- (a) nota einhvern inngangspunkt í skýjaþjónustuna til að gera skyndiminni sjálfvirkt, framkvæma lýsileit, vakta eða fylgjast með notkun notenda, eða nota einhverjar óleyfilegar aðferðir til að breyta eða endursníða, eða reyna að breyta eða endursníða skýjaþjónustuna;
- (b) fá aðgang að eða reyna að fá aðgang að efni þriðja aðila í skýjaþjónustunni;
- (c) selja, leigja, taka á leigu, veita leyfi, dreifa, úthluta, framselja, afrita eða breyta skýjaþjónustunni, eða reyna að framkvæma eitthvað af ofangreindu, eða nota skýjaþjónustuna á annan hátt en er leyft samkvæmt þessum samningi;
- (d) dreifa á einhvern hátt einhverjum vírusum, mengandi eða eyðileggjandi aðgerðum, “bakdyrum”, “tímasprengjum”, “trojuhestum”, “sniffara” rútínum, “ormum”, lirfum, “detta niður dauður tækjum”, skaðlegum hugbúnaðarkóðum, skráum, forritum eða forritunarrútínum eða vélbúnaðaríhlutum í gegnum skýjaþjónustuna á einhvern hátt sem er hannaður til þess að:
  - (i) leyfa óleyfilegan aðgang að, eða nota, skýjaþjónustuna eða tölvukerfin sem notuð eru fyrir tengdan hugbúnað, eða sem RIM vörur tengjast; (ii) gera óvirka, skemma eða þurrka út skýjaþjónustuna eða einhvern tengdan hugbúnað; eða (iii) framkvæma einhverjar svipaðar aðgerðir sem mundu koma í veg fyrir fulla nýtingu skýjaþjónustunnar eða einhvers tengds hugbúnaðar af RIM eða notanda RIM; eða
- (e) gefa út, flytja, dreifa eða hlaða upp öllum óleyfilegum eða ósamþykktum búlka tölvupósti sem felur í sér beiðni um peninga, keðjubréf, auglýsingar, markaðs- og kynningarefni, “ruslpóst”, “spam”, pýramídaáætlanir eða aðrar beiðnir um peninga eða samskipti, þ.m.t. án takmarkana, að senda ruslpóst til farsíma eða inn í tölvur, eða nota eða safna saman tölvupóstföngum notenda eða símanúmerum eða öðrum notendaupplýsingum öðrum heldur en upplýsingum leyfðra notenda þinna sem eru einungis veittar vegna lögmæts tilgangs, eða að nota skýjaþjónustuna til að framkvæma einhverja söfnun gagna, úrvinnslu eða

námavinnslu gagna eða til að fá aðgang að eða reyna að fá óleyfilegan aðgang að minni þráðlauss tækjabúnaðar og hugbúnaðar eða forrita.

**G. Gögn þín.** Eins og er umsamið á milli þín og RIM, skalt þú halda eignarrétti yfir innihaldi og gögnum sem eru stofnuð af þér eða notendum sem eru með leyfi frá þér, og sem eru unnin eða geymd á þjónum RIM sem hluta af notkun þinni á skýjaþjónustunni (“**Gögn þín**”). Gögn þín fela ekki í sér hugbúnað eða innihald þriðja aðila sem er veittur skv. leyfi eða veittur þér á annan hátt af RIM, eða gögn sem eru stofnuð af RIM í því ferli að veita skýjaþjónustuna (þ.m.t. án takmarkana, upplýsingar sem eru stofnaðar af kerfunum og netkerfunum sem eru notuð til að stofna og flytja samskipti þín, eins og gögn um miðlun skilaboða), eða gögn sem safnað er af RIM, vegna annarra samninga sem þú eða þeir notendur sem þú ert með leyfi fyrir kunna að hafa við RIM. Þú samþykkir að RIM hefur rétt til að safna, nota, upplýsa, vinna, flytja og geyma gögn þín í þeim tilgangi að veita skýjaþjónustuna eins og lýst er í þessum samningi. Vegna eðlis skýjaþjónustunnar, samþykkir þú og viðurkennir að RIM getur geymt persónuskilríki þess notanda sem hefur leyfi og dulkóðunarlykla sem tengjast þér og lófatölvu þinni sem er veitt af eða fyrir hönd þína og þeirra notenda þinna sem eru með leyfi. Þú samþykkir að RIM mun starfa sem veita fyrir gögn þín samkvæmt þessum samningi, og að RIM megi fá aðgang að slíkum gögnum einstaka sinnum, en ekki reglubundið, eftir því sem þörf krefur vegna markmiða samnings þessa og/eða vegna frammistöðu skýjaþjónustunnar, eins og er krafist skv. lögum eða eins og þú samþykkir að öðru leyti. Þú samþykkir, að RIM má gefa upp gögn þín og aðrar upplýsingar, þ.m.t. innihald samskipta og dulkóðunarlykla sem tengjast þér eða þeim notendum sem þú hefur leyfi fyrir, og notkun þeirra á skýjaþjónustunni ef slíkt er aðgengilegt fyrir RIM, til að uppfylla viðeigandi löggjöf, þ.m.t. allar lögmætar beiðnir um aðgang, stefnur, og dómstilskipanir, og til að vernda skýjaþjónustuna og notendur hennar fyrir svikum, öryggisógnum eða ef um er að ræða brot á þessum samningi af hálfu þín eða af hálfu þeirra notenda sem þú ert með leyfi fyrir.

**H. Að fjarlægja gögn þín.** Eins og er frekar lýst í BBSLA, mátt þú eða þeir notendur sem þú ert með leyfi fyrir ekki nota skýjaþjónustuna til að fremja glæp eða miðla glæpsamlegum verknaði eða til að taka þátt í öðrum ólöglegum verknaði eða verknaði sem veldur tjóni, þ.m.t. yfirgang, brot eða misnotkun á einhverjum hugverkaeignaréttindum og/eða á öðrum eignarétti einhvers þriðja aðila. Þú samþykkir að RIM geti fjarlægt öll gögn eða hluta af gögnum þínum ef tilkynning berst frá þriðja aðila um að gögn séu geymd eða hýst án leyfis eða séu á annan hátt ólögleg.

**I. Öryggismál.** RIM mun nota viðskiptalega skynsamur leiðir til að vernda öryggi gagna þinna. RIM viðheldur tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum sem eru hannaðar til að veita og tryggja öryggi skýjaþjónustunnar. Þetta felur í sér mismunandi öryggistækni og verkferli sem eru til að hjálpa til að vernda gögn þín fyrir óleyfilegum aðgangi, notkun eða því að þau verði gerð opinber. Til dæmis, meðhöndlar RIM gögn þín á tölvukerfum sem hafa takmarkaðan aðgang, og sem eru geymd á stöðum sem eru með stýrt öryggiskerfi. Þú viðurkennir og samþykkir að: (a) gögn sem eru stofnuð af þér eða af þeim notendum sem þú ert með leyfi fyrir verða send í gegnum internetið þegar þú eru flutt frá Microsoft þjónum yfir í skýjaþjónustuna, þar sem skýjaþjónustan er hönnuð til að afkóða og síðan endurkóða gögnin sem hluta af vinnslunni sem er veitt af skýjaþjónustunni áður en gögnin eru send inn á þráðlausa netkerfið til að afhenda yfir í lófatölvu, og (b) fyrir gögn sem voru send úr lófatölvum, er skýjaþjónustan hönnuð til að afkóða og senda síðan gögnin yfir á Microsoft þjóna gegnum internetið með því að nota dulkóðaða tengingu. Sum af þínum gögnum geta verið sérstaklega viðkvæm fyrir þig, og geta þess vegna þurft meira öryggi en er í boði innan skýjaþjónustunnar. Engin þjónusta sem er veitt gegnum internetið er ónæm fyrir árásum gegnum netið eða tilraunum til að komast hjá öryggisráðstöfunum iðnaðarins, og þú samþykkir að þú berð einn ábyrgð á því að ákvarða hvort öryggi skýjaþjónustunnar mætir þínum þörfum. Þú munt láta RIM vita undireins á slóðinni <https://www.blackberry.com/securityissue/> ef þú fréttir af einhverjum brotum á öryggisreglum sem tengjast skýjaþjónustunni.

**J. Trúnaðarmál.** Þú og þeir notendur sem þú hefur leyfi fyrir samþykkja að meðhöndla upplýsingar um notandareikning sem veittar eru þér af RIM sem trúnaðarmál, þ.m.t. en ekki takmarkað við auðkenni reiknings þíns og aðgangsorð.

**K. Uppsögn eða takmörkun þjónustunnar.**

Þú getur sagt upp áskrift þinni hvenær sem er með þrjátíu (30) daga fyrirvara með því að senda tilkynningu til RIM á [help@rim.com](mailto:help@rim.com). Þú getur dregið úr fjölda notenda sem hafa leyfi skv. áskrift þinni hvenær sem er.

RIM getur sagt upp áskrift þinni skv. tilkynningu ef þú hefur enga virka notendur með leyfi sem nota skýjaþjónustuna í lengri tíma en sex (6) mánuði. RIM heldur rétti sínum til að loka aðgangi að skýjaþjónustunni til allra notenda þinna sem hafa leyfi sem hafa ekki notað skýjaþjónustuna í þrjá (3) mánuði.

**L. Skilmálar.** Einungis með þennan samning í huga, er þeim hluta í BBSLA samningnum sem kallast “Skilmálar” hérmeð eytt í heild sinni og í staðinn kemur eftirfarandi kafli:

Þessi samningur skal vera í gildi um leið og þú samþykkir að vera bundinn af honum (eins og lýst er hér að ofan) og skal halda áfram að vera í gildi þangað til: (i) samningi þessum er sagt upp í samræmi við ákvæði þessa samnings; (ii) þegar áskrift þinni að Microsoft® Office 365 lýkur; (iii) uppsögn á sér stað á áskrift þinni í samræmi við þá skilmála sem um það gilda; eða (iv) þangað til rekstri skýjaþjónustunnar er hætt.

**M. Áhrif uppsagnar.** Þegar þessum samningi er sagt upp mun réttur þinn og þeirra notenda sem þú hefur leyfi fyrir til að nota skýjaþjónustuna afturkallast strax. RIM heldur rétti til að eyða gögnum þínum af þjónum sínum þegar þessum samningi er sagt upp og/eða ef þú verður gjaldþrota. Þú samþykkir að RIM má halda eftir gögnum þínum í allt að níutíu (90) daga eftir uppsögn eða lok samnings þessa, eða eins lengi og þurft getur til þess að hægt sé að uppfylla: (i) öll lög eða reglugerðir sem eiga við um RIM; eða (ii) mæta kröfum allra dómstóla, eftirlitsaðila eða yfirvalda sem RIM fellur undir. Allur hluti gagna þinna sem er ekki skilað eða eytt skv. þessum samningi skal áfram vera trúnaðarmál og njóta verndar skv. ráðstöfunum sem lýst er í samningi þessum svo lengi sem gögnin eru í höndum RIM. Uppsögn þessa samnings mun ekki losa þig undan skyldu þinni að greiða uppsöfnuð áskriftargjöld og/eða þóknanir.

**N. Stuðningur.** RIM getur veitt stuðning, ef þörf krefur, eins og skilgreint er skv. [www.blackberry.com/cloudservices/supportdescription](http://www.blackberry.com/cloudservices/supportdescription). Greiða getur þurft fyrir aðstoðina og lýsing á aðstoð getur breyst.

**O. Söfnun, notkun og upplýsingagjöf persónuupplýsinga.**

Að auki við þær upplýsingar sem vísað er til í samþykki fyrir söfnun upplýsinga ákvæðanna í BBSLA, þ.m.t. stefnu RIM um persónuvernd sem vísað er til í samningnum (“**Stefna um persónuvernd**”), má RIM eða þjónustuaðilar þess við veitingu þjónustunnar safna, nota, meðhöndla, flytja, gefa upp og/eða geyma mismunandi tegundir auðkennanlegra eða annarra upplýsinga, þ.m.t. án takmarkana birta nafn og heiti fyrirtækis þíns, nefna hlutverk notenda sem þú hefur leyfi fyrir innan skýjaþjónustunnar, nöfn og innri auðkenni, persónuskilríki Microsoft® Office 365, stefnu um upplýsingakerfi sem eiga við um þig og lófátölvur notenda þinna, upplýsingar um notkun þína á skýjaþjónustunni og tengdum lófátölvum, hugbúnað og vélbúnað, skráningar skilaboða og tölfraði og aðrar upplýsingar til að miðla flutningi tölvupósts og annarra gagna til og frá lófátölvunni sem er ætlað að nota skýjaþjónustuna. Þú samþykkir að RIM eða þjónustuaðilar þess megi safna, nota, meðhöndla, flytja, gefa upp, og geyma gögn í þeim tilgangi sem gefinn er upp í samningi þessum, þ.m.t.: (i) öll markmið sem tengjast skýjaþjónustunni og tengdum

RIM vörum og þjónustu, (ii) til innri notkunar RIM og tengdra fyrirtækja þess til að starfa, viðhalda, bæta eða uppfæra skýjaþjónustuna (þ.m.t. aðgerðir sem fela í sér uppgötvun á, og vernd gegn hættu sem getur komið fram eða þróast eins og slæmum hugbúnaði eða ruslpósti), til að mæta tæknilegum vandamálum, og til að leysa vanda sem miðar að því að koma í veg fyrir, bera kennsl á og gera við vandamál sem snerta rekstur skýjaþjónustunnar, og (iii) öllum þeim tilgangi sem er leyfður eða sem er krafist af viðeigandi lögum eða reglugerðum og sem þú hefur samþykkt. Þú skilur ennfremur og samþykkir að persónuupplýsingum getur verið safnað, þær notaðar, meðhöndlaðar, fluttar og geymdar á netþjónum sem eru reknir af eða fyrir hönd RIM í Kanada, og að öll lönd þar sem RIM, tengd fyrirtæki RIM, og þjónustuaðilar þess starfa geta geymt gögnin á geymslustöðum sem RIM viðheldur (sem geta verið í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins). Ef þú eða þeir notendur þínir sem hafa leyfi búa innan evrópska efnahagssvæðisins eða eru innan lands sem takmarkar gagnaflutninga utan lögsagnarumdæmis síns eða svæðis, samþykkir þú hérmeð að flytja megi persónuupplýsingar þínar út fyrir evrópska efnahagssvæðið eða til slíkra landa fyrir meðhöndlun og geymslu hjá RIM, tengdum fyrirtækjum RIM eða þjónustuaðilum þess í samræmi við samning þennan. Þú samþykkir einnig að persónuupplýsingar má RIM gefa upp til Microsoft eða að RIM má nálgast slíkar upplýsingar hjá Microsoft, og að sérhver sem RIM hefur fengið umboð til frá þér, hefur leyfi til að stjórna skýjaþjónustunni í þínu umboði, þ.m.t. Delegate Admin Partners (“DAP”). Þú fullyrðir og ábyrgðist að þú hafir fengið öll tilskilin leyfi frá notendum þínum sem eru með leyfi í þessum tilgangi. Þú samþykkir að RIM getur sent út tilkynningar til þín og notenda þinna er varða tæknileg mál eða þjónustu mál eða varðandi viðburði er tengjast þjónustunni, auk þess að geta sent út upplýsingar er tengjast notkun skýjaþjónustunnar.

**Ég samþykki**

**Ég samþykki ekki**